



Námsáætlun

SPÆN2me05 vorönn 2021
„Menning spænskumælandi þjóða“

Kennari: Snædís Snæbjörnsdóttir (snaedis@fg.is)

Áfangalýsing og markmið:

Markviss þjálfun í munnlegri tjáningu, hlustun, lestri, ritun og orðaforðauppbyggingu. Í þessum áfanga er lokið við innlögn grunnþátta málkerfisins auk þess sem valdir þættir eru ríffaðir upp í takt við þarfir nemendahópsins. Nemendur fræðast um menningu og staðhætti spænskumælandi landa, einkum í Rómönsku Ameríku í gegnum texta, kvikmyndir, fyrirlestra og þemavinnu.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölþættum orðaforða í samræmi við hæfni- og leikniviðmið áfangans
- grunnatriðum málkerfisins
- ólíkri sögu, menningu, staðháttum og þjóðfélagsgerð ýmissa spænskumælandi landa
- helstu framburðareinkennum hinna ýmsu spænskumælandi þjóða
- grunnatriðum spænsk málkerfis

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja meginþræði í samtölum og frásögnum um kunnugleg málefni, t.d. í fjölmiðlum
- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður
- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- lesa margs konar gerðir texta og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hverrar gerðar textinn er
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig nokkuð skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa samfellda texta af ýmsum toga, s.s. útdrætti, endursagnir, frásagnir og óformleg sendibréf
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann býr yfir til að:

- greina megininntak talaðs máls af ýmsum toga um kunnugleg umræðuefni
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- taka þátt í skoðanaskiptum og nota til þess viðeigandi orðaforða
- tjá sig á skýran hátt í ræðu og riti og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni við ýmiss konar aðstæður

Kennslugögn:

- **Aires de fiesta latina. Un recorrido por Latinoamérica a través de 12 lecturas** e. C. Villanueva og J. Fernández. Útg. Difusión.
- **La otra orilla de El Dorado** e. Dolores Soler-Espiauba. Útg. Mál og menning.
- Viðbótarefni frá kennara, netefni, kvikmyndir, málfræðiæfingar o.fl.
- **Spænsk-íslensk orðabók**, útg. Mál og menning eða aðgangur að snara.is. Einnig er mælt með Íslensk-spænsk orðabók, útg. Mál og menning sem er hluti af snara.is.



Vinnuáætlun

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning áfanga. Yfirlit yfir lönd hins spænskumælandi heims og mismunandi tegundir spænsku Spænskumælandi tónlistarmenn		
02. 1.-5. mars	Chile og Páskaeyja	Aires 1 Hlustun um Chile	
03. 08.-12. mars	Gvatemala, Mexíkó og Perú Inkar, majar og astekar. Mexíkanskur matur og samanburður á siðum á Spáni og í Mexíkó	Aires 7	Úrsagnarein- dagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Upprifjun á þátíðum	Aires 4 og 6	Námsmatsdagur 19. mars (fö)
05. 22.-26. mars	Venezuela og Simón Bolívar Þátíðir og óbein ræða	Aires 8 Ritun	Miðannarmat
29. mars-6.apríl: Páskafrí			
06. 07.-09. apríl	Argentína Kvikmyndin <i>La historia oficial</i>	Hlustun: Buenos Aires	Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Viðtengingarháttur þátíðar og skildagatíð	Aires 2 Ritun um kvikmynd	
08. 19.-23. apríl	Kúba Tilvísunarsetningar	Aires 10	Sumardagurinn fyrsti 22.ap. (fi)
09. 26.-30. apríl	Kólumbía Lestur skáldsögu hefst	Aires 5 og 9	Námsmatsdagur 28. apríl (mi)
10. 03-07. maí	La Otra orilla de El Dorado	Verkefni úr skáldsögu	
11. 10.-14. maí	La Otra orilla de El Dorado	Verkefni úr skáldsögu	Uppstigning- dagur 13.maí (fi)
12. 17.-18. maí	La Otra orilla de El Dorado	Munnlegt próf	

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Námsmat:

- 30% Lokapróf í maí
- 32% 9 heimaverkefni úr Aires de fiesta latina (8 bestu gilda)
- 8% Ritun um kvikmynd
- 15% Munnlegt próf um skáldsögu
- 15% Ýmis verkefni og ástundun

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 4,5 á lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn.

Athugið:

- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Öll veikindi ber að tilkynna til skrifstofu. Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema haft sé samráð við kennara fyrir fram og góðar og gildar ástæður liggi að baki.
- Áætlunin er ekki bindandi og getur breyst í samræmi við framgang á önninni.
- Áfanginn er kenndur í dreifnámi, þ.e. blanda af staðkennslu og fjarkennslu. Nemendur fá kennslubríf í upphafi hvernar lotu með útskýringum á viðfangsefnum lotunnar. Mikilvægt er að fylgjast vel með og vinna jafnt og þétt.
- Vinna í 5-eininga áfanga samsvarar 90-120 klst.á önn, sem samsvarar um 8-10 klst á viku að meðaltali.

Með von um farsæla önn og ánægjulegt samstarf!